

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 1999/62/EB

2002/EES/47/13

frá 17. júní 1999

um álagningu gjalda á þungaflutningabifreiðar fyrir notkun á tilteknum grunnvirkjum(*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS Hafa,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 71. gr og 93. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar⁽²⁾,með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar⁽³⁾í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans⁽⁴⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Til að útiloka röskun á samkeppni milli flutninga-fyrirtækja í aðildarríkjunum þarf bæði að samræma gjaldtökukerfi og koma á réttlátri skipan við álagningu gjalda á flutningafyrirtæki vegna rekstrarkostnaðar við grunnvirki (σ: samgöngumannvirki).
- 2) Þessu markmiði er einungis unnt að ná í nokkrum áföngum.
- 3) Samræming gjaldtökukerfa náðist að vissu marki þegar tilskipanir ráðsins 92/81/EBE frá 19. október 1992 um samræmingu á flokkun vörugjalda á jarðolíur⁽⁵⁾ og 92/82/EBE frá 19. október 1992 um samræmingu taxta vörugjalda á jarðolíur⁽⁶⁾ voru samþykktar.
- 4) Með dómi sínum frá 5. júlí 1995 í máli Evrópuþingsins gegn ráðinu nr. C-21/94⁽⁷⁾ ógilti dómstóll Evrópubandalaganna tilskipun ráðsins 93/89/EBE frá 25. október 1993 um álagningu gjalda á tiltekin ökutæki notuð til vöruflytninga á vegum og vegatolla og notendagjöld af tilteknum samgöngumannvirkjum í

aðildarríkjunum⁽⁸⁾, þótt ákvæði þeirrar tilskipunar fengju að standa uns ráðið hafði samþykkt nýja tilskipun. Í stað tilskipunar 93/89/EBE komi því þessi tilskipun.

- 5) Eins og málum er nú háttáð er rétt að breytingar á innlendu gjaldtökukerfi verði takmarkaðar við vöruflytningabifreiðar sem fara yfir tiltekna þyngd með hleðslu.
- 6) Því ættu aðildarríkin að ákveða lágmark þeirra gjalda á ökutæki, sem nú eru notuð, eða annarra gjalda sem kunna að verða ákveðin síðar.
- 7) Hvetja skal til notkunar ökutækja, sem spilla ekki vegarklæðningu og valda minni mengun, með því að hafa mismunandi gjöld, að því tilskildu að slíkt raski ekki starfsemi innri markaðarins.
- 8) Rétt er að tiltekin aðildarríki fái tímabundna undanþágu frá því að beita þessum lágmarkstaxta til að auðvelda þeim að laga sig að því stigi sem krafist er í tilskipun þessari.
- 9) Að því er varðar tiltekna, svæðisbundna flutninga innanlands sem skipta litlu máli fyrir flutningamarkað bandalagsins í heild er nú heimilt að leggja lægri gjöld á ökutæki. Til að tryggja að breytingarnar gangi eins snurðulaust og verða má skal aðildarríkjunum heimilt að setja bráðabirgðaákvæði um undanþágur frá lágmarkstaxta.
- 10) Aðildarríkin skulu hafa heimild til að lækka gjöldin eða veita undanþágur frá ökutækjagjöldum ef um er að ræða notkun ökutækja sem ekki eru líkleg til að hafa áhrif á flutningamarkaðinn í bandalaginu.
- 11) Svo að unnt sé að taka tillit til sérstakra aðstæðna er rétt að setja reglur um með hvaða hætti aðildarríkjunum verði heimilt að viðhalda undanþágum eða veita enn frekari lækkun gjalda.
- 12) Ekki er unnt að koma í veg fyrir þá röskun á samkeppni sem þegar er orðin með því eingöngu að samræma gjöld eða vörugjöld á eldsneyti, en þar til fundist hefur heppilegra form gjaldtökunnar, tæknilega og fjárhagslega, má draga úr áhrifum þessarar röskunar með því að viðhalda eða leggja á ný vegatolla og/eða notendagjöld af hraðbrautum. Auk þess skal aðildarríkjunum heimilt að leggja á gjöld fyrir afnot af brúm, jarðgöngum og vegum yfir fjallaskörð.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 187, 20.7.1999, bls. 42, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 5/2002 frá 1. febrúar 2002 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 18, 4.4.2002, bls. 6.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 59, 26.2.1997, bls. 9.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 206, 7.7.1997, bls. 17.

⁽³⁾ Álití var skilað 3. júní 1999 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

⁽⁴⁾ Álit Evrópuþingsins frá 17. júlí 1997 (Stjtið. EB C 286, 22.9.1997, bls. 217), sameiginleg afstaða ráðsins frá 18. janúar 1999 (Stjtið. EB C 58, 1.3.1999, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 7. maí 1999 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 316, 31.10.1992, bls. 12. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 94/74/EB (Stjtið. EB L 365, 31.12.1994, bls. 46).

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 316, 31.10.1992, bls. 19. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 94/74/EB. Dómasafn EB (ECR) 1995, bls. I-1827.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 36, 9.2.1988, bls. 33. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 96/1/EB (Stjtið. EB L 40, 17.2.1996, bls. 1).

⁽⁸⁾ Stjtið. EB L 279, 12.11.1993, bls. 32.

- 13) Í ljósi sérstakra aðstæðna á tilteknum vegum um Alpana kann að vera rétt fyrir aðildarríki að hætta álagningu notendagjalds á vel skilgreinda hluta hraðbrautanets síns til þess að heimila megi álagningu gjalds vegna rekstrarkostnaðar grunnvirkja.
- 14) Vegatollar og notendagjöld skulu ekki valda mismunun, hafa í för með sér óþörf formsatriði eða hindranir á innri landamærum. Því skal gera viðeigandi ráðstafanir til að unnt sé að greiða vegatolla og notendagjöld hvenær sem er og með ýmiss konar greiðslumiðlum.
- 15) Taxti notendagjaldanna skal grundvallast á því hve lengi viðkomandi grunnvirki eru notuð og vera mismunandi hár eftir því hve ökutækin valda miklum kostnaði.
- 16) Tímabundið ber að leggja lægri notendagjöld á ökutæki, sem skráð eru í Grikklandi, með hliðsjón af þeim erfiðleikum sem stafa af landfræðilegri og stjórnmálalegri legu landsins.
- 17) Til að tryggja einsleita álagningu notendagjalda og vegatolla er rétt að setja reglur um hvaða atriði eigi að leggja til grundvallar, svo sem einkenni grunnvirkjanna sem innheimt er af, hámark tiltekinnar taxa og önnur almenn ákvæði sem lúta að þessu. Vegnir meðaltollar skulu tengjast kostnaði við byggingu, rekstur og þróun grunnvirkjanetsins sem um ræðir.
- 18) Aðildarríkin ættu að geta lagt hluta af fjárhæð notendagjalds eða vegatolls til umhverfisverndar og stöðugrar þróunar flutningsneta, að því tilskildu að þessi fjárhæð sé reiknuð út í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar.
- 19) Fjárhæðir í tilskipun þessari, sem settar eru fram í gjaldeyri aðildarríkja sem taka upp evruna, voru ákveðnar 1. janúar 1999 þegar gildi evrunnar var ákveðið í samræmi við tilskipun ráðsins (EB) nr. 2866/98 frá 31. desember 1998 um umreikningsgengi milli evrunnar og gjaldmiðla aðildarríkja sem taka upp evruna⁽¹⁾. Rétt er að aðildarríki, sem ekki taka upp evruna, endurskoði árlega fjárhæðir í innlendum gjaldmiðlum í þessari tilskipun og aðlagi þær með tilliti til gengisbreytinga þar sem við á. Árleg aðlögun á fjárhæðum í gjaldmiðlum aðildarríkjanna þarf ekki að vera skylda ef breytingin, sem gengisbreyting hefur í för með sér, er undir tilteknu prósentustigi.
- 20) Beita ber meginreglunni um yfirráðasvæði. Tvö eða fleiri aðildarríki geta haft samvinnu um að koma á sameiginlegu kerfi notendagjalda, að uppfylltum nokkrum viðbótarskilyrðum.
- 21) Í samræmi við meðalhófsregluna gengur þessi tilskipun ekki lengra en þörf er á til að ná markmiðum þriðju málsgreinar 5. gr. sáttmálans.
- 22) Rétt er að gera tímaáætlun um endurskoðun á ákvæðum þessarar tilskipunar, svo og breytingar á þeim ef nauðsynlegt reynist, í því skyni að þróa gjaldtökukerfi sem er svæðisbundið.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

Almenn ákvæði

1. gr.

Tilskipun þessi gildir um ökutækjagjöld, vegatolla og notendagjöld sem lögð eru á ökutæki eins og þau eru skilgreind í 2. gr.

Tilskipun þessi tekur ekki til ökutækja sem eru í flutningum á yfirráðasvæðum aðildarríkjanna utan Evrópu.

Hún nær ekki heldur til ökutækja sem eru skráð á Kanaríeyjum, Ceuta og Melilla, Asoreyjum eða á Madeira og eru eingöngu í flutningum á þessum yfirráðasvæðum eða á milli þessara yfirráðasvæða og meginlands Spánar eða Portúgals.

2. gr.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „hraðbraut“: er vegur sem er sérhannaður og byggður fyrir umferð vélknúinna ökutækja en þjónar ekki landareignum sem liggja með fram honum, og:
- akbrautir í báðar áttir eru aðskildar, nema á sérstökum stöðum eða tímabundið, annaðhvort með miðræmu sem ekki er ætluð til aksturs eða, í undantekningartilvikum, með einhverju öðru móti,
 - myndar ekki krossgötur í sama fleti við annan veg, járnbrautar- eða sporvagnateina eða göngustíga,
 - er sérmerktur sem hraðbraut;
- b) „vegatollur“: er greiðsla, sem nemur tiltekinni fjárhæð, fyrir ökutæki sem ekið er milli tveggja staða um grunnvirkið sem um getur í 2. mgr. 7. gr.; fjárhæðin fer eftir ekinni vegalengd og hveirrar gerðar ökutækið er;

(¹) Stjótið. EB L 359, 31.12.1998, bls. 1.

- c) „notendagjald“: er sérstök greiðsla sem veitir ökutæki rétt til að nota grunnvirkið sem um getur í 2. mgr. 7 gr. í tiltekinn tíma;
- d) „ökutæki“: er vélknúð ökutæki eða samtengdar vagnalestir, ætluð eingöngu til vöruflutninga á vegum, með leyfilega brúttóhámarksþyngd sem er ekki undir 12 tonnum með hleðslu;
- e) „ökutæki í floknum EURO I“: er ökutæki bóúð þeim eiginleikum sem mælt er fyrir um í línu A í töflunni í þætti 8.3.1.1 í I. viðauka við tilskipun ráðsins 88/77/EBE frá 3. desember 1987 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi aðgerðir gegn mengandi efnum í útblæstri dísilhreyfla til nota í ökutækjum ⁽¹⁾;
- f) „ökutæki í floknum EURO II“: er ökutæki bóúð þeim eiginleikum sem mælt er fyrir um í línu B í töflunni í þætti 8.3.1.1 í I. viðauka við tilskipun 88/77/EBE.

II. KAFLI

Ökutækjagjöld

3. gr.

1. Ökutækjagjöldin, sem um getur í 1. gr., eru sem hér segir:

— *Belgía:*

taxe de circulation sur les véhicules automobiles/verkeersbelasting op de autovoertuigen

— *Danmörk:*

vægtafgift af motorkøretøjer m.v.

— *Þýskaland:*

Kraftfahrzeugsteuer

— *Grikkland:*

Τέλη κυκλοφορίας

— *Spánn:*

a) impuesto sobre vehículos de tracción mecánica

b) impuesto sobre actividades económicas (einungis að því er varðar gjöld á vélknúin ökutæki)

— *Frakkland:*

a) taxe spéciale sur certains véhicules routiers

b) taxe différentielle sur les véhicules à moteur

— *Írland:*

vehicle excise duty

— *Ítalía:*

a) tassa automobilistica

b) addizionale del 5% sulfa tassa automobilistica

— *Lúxemborg:*

taxe sur les véhicules automoteurs

— *Holland:*

motorrijtuigenbelasting

— *Austurríki:*

Kraftfahrzeugsteuer

— *Portúgal:*

a) imposto de camionagem

b) imposto de circulação

— *Finnland:*

varsinainen ajoneuvovero/egentlig fordonsskatt

— *Svíþjóð:*

fordonsskatt

— *Breska konungsríkið:*

a) vehicle excise duty

b) motor vehicles licence.

2. Aðildarríki, sem láta önnur sams konar gjöld koma í stað þeirra sem nefnd eru í 1. mgr., skulu tilkynna það til framkvæmdastjórnarinnar sem gerir nauðsynlegar breytingar.

4. gr.

Aðildarríkin setja hvert sínar reglur um álagningu og innheimtu gjaldanna sem um getur í 3. gr.

5. gr.

Ökutæki, sem eru skráð í aðildarríkjunum, verða einungis krafín um gjöldin sem um getur í 3. gr. í skráningarríkinu.

6. gr.

1. Hvernig sem álagningu gjaldanna sem um getur í 3. gr. er háttað skulu aðildarríkin sjá til þess að gjöldin fyrir hvern flokk eða undirflokk ökutækja sem um getur í I. viðauka séu ekki lægri en lágmarkið sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

Í tvö ár eftir gildistöku tilskipunarinnar er Grikklandi, Ítalíu, Portúgal og Spáni heimilt að beita lægri gjöldum sem eru þó ekki undir 65% af lágmarksgjöldunum sem mælt er fyrir um í I. viðauka.

2. Aðildarríkin geta heimilað gjaldalækkun eða undanþágur fyrir:

a) ökutæki hers eða almannavarna, slökkviliðs og annarrar neyðarþjónustu, svo og ökutæki lögreglu og vegagerðar,

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 36, 9.2.1988, bls. 33. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 96/1/EB (Stjtið. EB L 40, 17.2.1996, bls. 1).

- b) ökutæki sem er ekið aðeins stöku sinnum á þjóðvegum í skráningaráðildarríkinu og eru notuð af einstaklingum eða lögaðilum sem hafa ekki vöruflutninga að aðalstarfi, og þó því aðeins að flutningar með þeim raski ekki samkeppni og að fengnu samþykki framkvæmdastjórnarinnar.
3. a) Ráðið getur, með einróma ákvörðun og að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar, heimilað aðildarríki að viðhalda undanþágum eða lækkun gjalda af félagshagfræðilegum ástæðum eða vegna stefnu þess ríkis í grunnvirkjagerð. Slikar undanþágur eða lækkunar má aðeins veita ökutækjum sem eru skráð í aðildarríkinu og eru eingöngu í flutningum á vel afmörkuðum hluta af yfirráðasvæði þess.

- b) Aðildarríki, sem óska eftir að viðhalda undanþágum eða lækkunum, skulu tilkynna það til framkvæmdastjórnarinnar og senda henni allar nauðsynlegar upplýsingar þar að lútandi. Framkvæmdastjórnin tilkynnir öðrum aðildarríkjum um fyrirhugaðar undanþágur eða lækkunar innan eins mánaðar.

Ráðið telst hafa heimilað fyrirhugaðar undanþágur eða lækkunar ef hvorki framkvæmdastjórnin né eitthvert aðildarríkjanna hefur farið fram á að ráðið fjalli um málið innan tveggja mánaða frá þeim degi að öðrum aðildarríkjum var tilkynnt um það samkvæmt fyrstu undirgrein.

4. Aðildarríkjunum er óheimilt að veita undanþágu frá gjöldum eða lækkun eins og um getur í 3. gr. sem gæti valdið því að gjaldskyldan færi niður fyrir lágmarkið sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, sbr. þó aðra undirgrein 1. mgr., 2. og 3. mgr. þessarar greinar og 6. gr. tilskipunar ráðsins 92/106/EBE frá 7. desember 1992 um setningu sameiginlegra reglna um tiltekna tegundir vöruflutninga milli aðildarríkja⁽¹⁾.

III. KAFLI

Vegatollar og notendagjöld

7. gr.

1. Aðildarríkin geta viðhaldið eða lagt á vegatolla og/eða notendagjöld samkvæmt skilyrðum sem mælt er fyrir um í 2.–10. mgr.
2. a) Einungis notendum hraðbrauta, eða annarra fjölreina-vega sem hafa flest einkenni hraðbrauta, brúa, jarðganga og vega um fjallaskörð er gert að greiða vegatolla og notendagjöld.

Í aðildarríki, þar sem ekki er hraðbrautakerfi eða vegakerfi með tveimur aðskildum akreinum með svipuðum einkennum, er heimilt að krefja notendur

vega í hæsta vegaflokki, frá tæknilegu sjónarhorni, í því ríki um vegatolla og notendagjöld.

- b) Að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina og í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í ákvörðun ráðsins frá 21. mars 1962 um að koma á málsmeðferð um undanfarandi rannsóknir og samráð að því er varðar tiltekin lög og stjórnsýslufyrirmæli á sviði flutninga sem aðildarríkin hafa í hyggju að gefa út⁽²⁾,

- i) geta þau einnig krafist notendur annarra vega í stofnvegakerfinu um vegatolla og notendagjöld, einkum

— ef það er talið æskilegt af öryggisástæðum,

— í aðildarríki, þar sem ekki er hraðbrautakerfi eða vegakerfi með tveimur aðskildum akreinum með svipuðum einkennum í stærstum hluta ríkisins, í þeim hluta landsins en einungis á vegum sem notaðir eru fyrir þungaflytninga milli landa og milli svæða, að því tilskildu að umferðarþungi og fólksfjöldi réttlæti ekki efnahagslega gerð hraðbrauta eða vegakerfis með tveimur aðskildum akreinum með svipuðum einkennum;

- ii) geta viðkomandi aðildarríki ákveðið sérstakt fyrirkomulag á landamærasvæðum;

- iii) er Austurríki heimilt að veita undanþágu frá austurríska notendagjaldinu fyrir hraðbrautarvegakaflann milli Kufstein og Brenner.

3. Ekki er heimilt að innheimta bæði vegatolla og notendagjald fyrir einn og sama vegakafla. Á vegum, þar sem notendagjöld eru innheimt, mega aðildarríkin þó innheimta að auki vegatoll fyrir afnot af brúm, jarðgöngum og vegum yfir fjallaskörð.

4. Gjöldin skulu innheimt án þess að flutningafyrirtækinu sé mismunað beint eða óbeint vegna ríkisfangs flutningafyrirtækis eða vegna uppruna- eða ákvörðunarstaðar ökutækisins.

5. Vegatollar og notendagjöld skulu lögð á og eftirlit haft með innheimtu þeirra með þeim hætti að valdi sem minnstum töfum á umferð og komist verði hjá lögboðnu eftirliti og skoðunum á innri landamærum bandalagsins. Aðildarríkin skulu vinna sameiginlega að þessu máli, einkum því að koma á aðferðum til að auðvelda flutningafyrirtækjunum að greiða notendagjöldin hvenær sem er sólarhringsins, a.m.k. á stærstu afgreiðslustöðum, með öllum almennum greiðslumiðlum, innan eða utan þess lands þar sem gjaldanna er krafist. Aðildarríkin skulu sjá fyrir viðunandi aðstöðu á greiðslustöðvum vegatolla og notendagjalda er uppfylli almenna staðla um umferðaröryggi.

6. Aðildarríki getur ákveðið að fyrir ökutæki, sem þar eru skráð, skuli greiða notendagjöld af öllu vegakerfinu á yfirráðasvæði þess.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 368, 17.12.1992, bls. 38.

⁽²⁾ Stjtið. EB 23, 3.4.1962, bls. 720/62. Ákvörðuninni var síðast breytt með ákvörðun 73/402/EBE (Stjtið. EB L 347, 17.12.1973, bls. 48).

7. Viðkomandi aðildarríki skal ákveða notendagjöld, að meðtöldum umsýslukostnaði, fyrir alla flokka ökutækja að fjárhæð sem er ekki hærrí en hámarkstaxtinn sem mælt er fyrir um í II. viðauka.

Þetta hámark skal endurskoðað 1. júlí 2002 og annað hvert ár eftir það. Evrópuþingið og ráðið gera nauðsynlegar breytingar, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í sáttmálanum.

Aðildarríki, sem leggja á notendagjald, skulu, þar til tvö ár eru liðin frá gildistöku þessarar tilskipunar, lækka notendagjöld á ökutæki sem skráð eru í Grikklandi um 50% sökum landfræðilegrar og stjórnmálalegrar legu landsins. Framkvæmdastjórnin getur ákveðið að heimila þessum aðildarríkjum að framlengja lækkunina til eins árs í einu.

8. Við innheimtu notendagjalda skal tekið mið af því hversu lengi grunnvirkið er notað.

Aðildarríki getur innheimt gjöld af ökutækjum, sem þar eru skráð, einu sinni á ári.

9. Vegnir meðaltollar skulu tengjast kostnaði við byggingu, rekstur og þróun grunnvirkanetsins sem um ræðir.

10. Með fyrirvara um vegnu meðaltollana, sem um getur í 9. mgr., geta aðildarríkin haft breytilegan taxa vegatolla á grundvelli:

- losunarflokka ökutækja, að því tilskildu að enginn vegatollur sé yfir 50% hærrí en tollur sem lagður er á samsvarandi ökutæki sem uppfylla ströngustu staðla um losun;
- tíma dagsins, að því tilskildu að enginn tollur sé yfir 100% hærrí en tollur sem innheimtur er á ódýrasta tíma dagsins.

Breytilegur taxti vegatolla vegna losunarflokka ökutækjanna eða tíma dagsins skal vera í réttu hlutfalli við markmiðin sem stefnt er að.

8. gr.

1. Tvö eða fleiri aðildarríki geta haft samvinnu um að koma á sameiginlegu kerfi notendagjalda sem er notað á öllu samanlögðu yfirráðasvæði þeirra. Ef svo er skulu þessi aðildarríki tryggja að framkvæmdastjórnin sé með í ráðum og fái að fylgjast náið með rekstri slíks kerfis og öllum breytingum sem kunna að verða gerðar á því síðar.

2. Auk skilyrðanna í 7. gr. gildir eftirfarandi um sameiginlegt kerfi þessarar tegundar:

- viðkomandi aðildarríki ákveða sameiginlega taxa notendagjalda og skulu þau ekki vera hærrí en hámarkstaxtarnir sem um getur í 7. mgr. 7. gr;
- greiðsla sameiginlegra notendagjalda veitir aðgang að vegakerfinu eins og hvert aðildarríki sem tekur þátt í samstarfinu skilgreinir það, sbr. 2. mgr. 7. gr.;

c) önnur aðildarríki geta orðið aðilar að sameiginlega kerfinu;

d) aðildarríkin, sem taka þátt í þessu samstarfi, skulu koma sér saman um skiptingu þeirra tekna sem fást af notendagjöldum þannig að hvert fái sinn réttmæta skerf.

IV. KAFLI

Lokaákvæði

9. gr.

1. Tilskipun þessi kemur ekki í veg fyrir að aðildarríkin leggi á:

- sérstök gjöld:
 - sem eru innheimt við skráningu ökutækisins, eða
 - lögð á ökutæki eða farm þar sem þyngd eða mál eru óvenjuleg;
- b) stöðugjöld og sérstök gjöld vegna umferðar í þéttbýli;
- c) gjöld sem ætlað er að draga úr umferðarþröng á vissum tímum og stöðum.

2. Tilskipun þessi skal heldur ekki koma í veg fyrir að aðildarríkin geti lagt hluta af fjárhæð notendagjalds eða vegatolls til umhverfisverndar og stöðugar þróunar flutningsneta, að því tilskildu að þessi fjárhæð sé reiknuð út í samræmi við 7. og 9. mgr. 7. gr.

10. gr.

1. Að því er lýtur að tilskipun þessari skal umreikningsgengi milli evrunnar og gjaldmiðla þeirra aðildarríkja, sem ekki hafa tekið upp evruna, miðað við skráð gengi fyrsta virkan dag októbermánaðar og er það birt í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* og gildir frá og með 1. janúar á næsta almanaksári.

2. Aðildarríki, sem ekki hafa tekið upp evruna, geta haldið óbreyttri þeirri fjárhæð sem er í gildi þegar árleg aðlögun skv. 1. mgr. fer fram ef umreikningur þeirrar fjárhæðar yfir í evrur hefur í för með sér breytingu sem í mynteiningu þess aðildarríkis yrði minni en 5%.

11. gr.

1. Fyrir þann tíma, sem um getur í annarri undirgrein 7. mgr. 7. gr., gefur framkvæmdastjórnin ráðinu skýrslu um framkvæmd þessarar tilskipunar með hliðsjón af tækniþróun og því hvar umferðarþröng myndast.

2. Aðildarríkin skulu senda nauðsynlegar upplýsingar til framkvæmdastjórnarinnar eigi síðar en sex mánuðum fyrir þann tíma sem um getur í 1. mgr. svo að hún geti tekið saman framangreinda skýrslu.

3. Þau aðildarríki, sem setja upp rafræn afgreiðslukerfi við innheimtu vegatolla og/eða notendagjalda, skulu hafa með sér samstarf með það að markmiði að samhæfa þau kerfi.

12. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 1. júlí 2000. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna það hinum aðildarríkjunum.

13. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

14. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 17. júní 1999.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

J. M. GIL-ROBLES

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

F. MÜNTEFERING

forseti.

I. VIÐAUKI

LÁGMARKSGJÖLD Á ÖKUTÆKI

Vélknúin ökutæki

Fjöldi ása og leyfileg hámarksþyngd með hleðslu (í tonnum)		Lágmarksgjöld (í evrum á ári)	
Ekki minna en	Minna en	Drifás(ar) með loftfjöðrun eða viðurkenndu jafngildi hennar ⁽¹⁾	Önnur fjöðrunarkerfi drifása
Tveir ásar			
12	13	0	31
13	14	31	86
14	15	86	121
15	18	121	274
Þrjú ásar			
15	17	31	54
17	19	54	111
19	21	111	144
21	23	144	222
23	25	222	345
25	26	222	345
Fjórir ásar			
23	25	144	146
25	27	146	228
27	29	228	362
29	31	362	537
31	32	362	537

⁽¹⁾ Fjöðrun sem er viðurkennd sambærileg í samræmi við skilgreiningu í II. viðauka við tilskipun ráðsins 96/53/EB frá 25. júlí 1996 um að ákveða leyfileg hámarksmál vegna umferðar innan aðildarríkja og milli landa og leyfilega hámarksþyngd vegna umferðar milli landa fyrir tiltekin ökutæki sem eru í notkun í bandalaginu (Stjtið. EB L 235, 17.9.1996, bls. 59).

SAMTENGD ÖKUTÆKI (LÍDSKIPT ÖKUTÆKI OG VAGNALESTIR)

Fjöldi ása og leyfileg hámarksþyngd með hleðslu (í tonnum)		Lágmarksgjöld (í evrum á ári)	
Ekki minna en	Minna en	Drifás(ar) með loftfjöðrun eða viðurkenndu jafngildi hennar ⁽¹⁾	Önnur fjöðrunarkerfi drifása
2 + 1 ásar			
12	14	0	0
14	16	0	0
16	18	0	14
18	20	14	32
20	22	32	75
22	23	75	97
23	25	97	175
25	28	175	307

Fjöldi ása og leyfileg hámarksþyngd með hleðslu (í tonnum)		Lágmarksgjöld (í evrum á ári)	
Ekki minna en	Minna en	Drifás(ar) með loftfjórðrun eða viðurkenndu jafngildi hennar ⁽¹⁾	Önnur fjórðrunarkerfi drifása
2 + 2 ásar			
23	25	30	70
25	26	70	115
26	28	115	169
28	29	169	204
29	31	204	335
31	33	335	465
33	36	465	706
36	38	465	706
2 + 3 ásar			
36	38	370	515
38	40	515	700
3 + 2 ásar			
36	38	327	454
38	40	454	628
40	44	628	929
3 + 3 ásar			
36	38	186	225
28	40	225	336
40	44	336	535

⁽¹⁾ Fjórðrun sem er viðurkennd sambærileg í samræmi við skilgreiningu í II. viðauka við tilskipun ráðsins 96/53/EB frá 25. júlí 1996 um að ákveða leyfileg hámarksmál vegna umferðar innan aðildarríkja og milli landa og leyfilega hámarksþyngd vegna umferðar milli landa fyrir tiltekin ökutæki sem eru í notkun í bandalaginu (Stjtið. EB L 235, 17.9.1996, bls. 59).

*II. VIÐAUKI***HÁMARKSFJÁRHÆÐ NOTKUNARGJALDA Í EVRUM, AÐ MEÐTÖLDUM UMSÝSLUKOSTNAÐI, SEM UM GETUR Í
7. MGR. 7. GR.****Árgjald**

	<i>Þrjú ásar að hámarki</i>	<i>Fjórir ásar að lágmarki</i>
Ökutæki sem eru ekki í EURO- flokk	960	1 550
Ökutæki í flokknum EURO I	850	1 400
Ökutæki í flokknum EURO II og umhverfissvænni	750	1 250

Mánaðar- og vikugjald

Innheimta mánaðarlegra og vikulegra hámarksgjalda skal vera í réttu hlutfalli við notkunartíma grunnvirkis.

Daggjald

Daglegt notkunargjald er hið sama fyrir alla flokka ökutækja og nemur það 8 evrum.
